

Ed. 519. Frumvarp til laga [213. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta gera minnispening í tilefni af 150 ára afmæli Jóns Sigurðssonar.

(Lagt fyrir Alþingi á 81. löggjafarþingi, 1960—1961.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að láta slá sérstakan minnispening úr gulli í tilefni af 150 ára afmæli Jóns Sigurðssonar 1961. Má með forsetaúrskurði ákveða, að peningur þessi skuli vera mynt, er gjaldgeng sé hér á landi og sé gildi hans 500 krónur.

2. gr.

Heimilt er að selja pening þann, sem um ræðir í 1. grein, með allt að 50% álagi á nafnverð.

Ágóða þeim, er verða kann af sölu minnispeningsins, skal verja til framkvæmda á fæðingarstað Jóns Sigurðssonar, Rafnseyri við Arnarfjörð.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í tilefni af 150 ára afmæli Jóns Sigurðssonar á þessu ári hefur orðið að ráði að láta gera gullpening, og er með þessu frumvarpi farið fram á heimild Alþingis til þess. Fyrirhugað er, að peningur þessi verði með vangamynd Jóns Sigurðssonar á framhlið og skjaldarmerki Íslands á bakhlið. Stærð hans verður 23 mm í þvermál

og þyngd 8.96 g, hreint gull að $\frac{1}{10}$ hlutum. Í 2. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir, að heimilt sé að selja umræddan pening með allt að 50% álagi, en slíkt er algengt í sambandi við sölu slíkra gullpeninga erlendis. Ætti því að verða nokkur ágóði af sláttu hans. Hefur þótt vel til fallið, að þeim ágóða yrði varið til framkvæmda á fæðingarstað Jóns Sigurðssonar, Rafnseyri við Arnarfjörð.

Alþingi hefur á undanförnum árum veitt nokkurt fé til framkvæmda á Rafnseyri. Allmikið er þó enn ógert til þess að framkvæmdum þessum verði lokið og staðnum sýndur sá sómi, sem honum ber.

Fer hér á eftir yfirlit um þessi mál.

Árið 1955 var fullgerður uppdráttur að 1. áfanga byggingar að Rafnseyri. Er það tveggja hæða íbúðarhús á kjallara og stærðin er 165 fermetrar að flatarmáli og rúmmál hússins um 1500 m³.

Í húsinu er rúmgóð íbúð fyrir prestinn, ein rúmgóð kennslustofa, heimavist fyrir 12—16 börn og skólamötuneyti.

Árið 1956 var hafizt handa um byggingu hússins, það steipt upp og gert fokhelt á því ári.

Árið 1957 var ekkert unnið við bygginguna vegna takmarkaðra fjárveitinga. En s. l. 3 ár hefur alltaf verið unnið eitthvað við húsið á hverju ári, eða eftir því sem fjárveiting hefur leyft. Má segja að upprunalegar kostnaðaráætlanir hafi raskazt verulega vegna þess hversu byggingin hefur tekið langan tíma.

Nú er búið að múrhúða húsið utan og innan. Innrétting í íbúð prests langt komin. Gert er ráð fyrir að um mánaðamótin maí—júni verði lokið við íbúð prestsins svo og innréttingar í kjallara. Ábúandi jarðarinnar býr nú í gamla prestsseturs-húsinu sem stendur fast við hið nýja hús. Ákveðið hefur verið að rífa og fjarlægja þetta hús og skal því lokið í byrjun júní n. k. Ábúandinn mun fyrst um sinn fá inni í hinu nýja húsi.

Ýmsar frekari endurbætur hafa verið gerðar á Rafnseyri og má þar nefna: A. Íbúðarhús fyrir bóndann, sem staðsett verður nálægt peningshúsum þeim, er byggð voru fyrir 3 árum. B. Kirkjan er orðin mjög hrörleg og þarfnast mikillar viðgerðar, eða endurbyggingar. C. Lagfæra þarf lóð og land umhverfis húsin. D. Á uppdrætti þeim, sem gerður var 1955, var gert ráð fyrir 2. áfanga. Er það álma áföst við það, sem nú hefur verið byggt í 1. áfanga, 155 fermetra og 1100 rúmmetra að stærð. Það hús er 2 hæðir. Á neðri hæð er skólastofa, sem jafnframt má nota sem samkomu- og veitingasal, svo og eldhús. Á annarri hæð eru 10 gestaherbergi eða heimavistarherbergi svo og snyrtiherbergi. Núverandi skólastofa og heimavist verða þá gerðar að setustofu og skóla. Þessi álma var gerð með það fyrir augum, að þegar skólinn starfar ekki, verði þar gistimöguleikar fyrir ferðafólk.

Þá er og eftir að gera skógræktargirðingu um hvilft þá, sem bæjarhúsin standa í, og töluverður annar skógræktarkostnaður er fyrirsjáanlegur.

Þegar lokið verður að fullu þeim byggingarframkvæmdum, sem að ofan greinir, mun á Rafnseyri verða heimavistarskóli, er fullnægir þörf allra sveitahreppa Arnarfjarðar.

Allar þessar framkvæmdir munu kosta allmikið fé, en með því að afla fjár svo sem í frv. er gert ráð fyrir ættu bein fjárframlög úr ríkissjóði að geta lækkað að sama skapi.

Um framkvæmdir á Rafnseyri hafa þeir húsameistari ríkisins, fræðslumálastjóri og biskup haft aðaleftirlit, í samráði við forseta Íslands, ríkisstjórn og þingmenn Vestfirðinga.